



DET KONGELIGE
LANDBRUKS- OG MATDEPARTEMENT

Statsråden

Norræna ráðherranefndin
Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Tilvísun yðar

Tilvísun okkar
17/624

Dagsetning
19. júní 2017

Skrifleg fyrirspurn E 14/2017 frá Ulf Isak Leirstein, þingmanni í Norðurlandaráði, um upplýsingaskipti um sviptingu leyfis til dýrahalds í einu norrænu landi

Ríkisstjórnnum Norðurlanda hefur borist skrifleg fyrirspurn frá Ulf Isak Leirstein (N) varðandi sameiginlegt norrænt kerfi eða samstarfsnet fyrir upplýsingaskipti við sviptingu leyfis til dýrahalds í einu Norðurlandanna. Eftirfarandi svar hefur verið borið undir kollega mína á hinum Norðurlöndunum.

Enginn samningur er í gildi milli norrænu landanna um upplýsingaskipti sem varða bann eða viðurlög við dýrahaldi. Upplýsingaskipti af þessu tagi eru undir því komin að alþjóðleg skrá yrði byggð upp. Skrá af því tagi sem um ræðir vekur ýmsar spurningar varðandi persónuvernd og réttaröryggi.

Svipting leyfis til dýrahalds í Noregi er ekki refsing. Mattilsynet (*Matvælaeftirlitið*) og dómstólar geta beitt sviptingu umræddra réttinda. Réttindamissir getur ýmist verið tímabundinn eða ævarandi og eins getur hann varðað eina eða fleiri dýrategundir. Úrskurði um sviptingu leyfis til dýrahalds í Noregi er ekki hægt að framfylgja í öðru landi. Einstaklingur sem sviptur hefur verið leyfi til dýrahalds í Noregi er heldur ekki skyldugur til að tilkynna eftirlitsyfirvöldum að hann flytjist búferlum til annarra Norðurlanda.

Þá eru reglugerðir landanna um dýravelferð ekki sambærilegar og fyrir vikið getur reynst erfitt að bera saman úrskurði frá ólíkum löndum.

Fáein dæmi eru um að einstaklingar, sem misst hafa leyfi til dýrahalds í Noregi (á einkum við um gæludýr/hunda), hafi sest að í öðru norrænu landi og tekið upp dýrahald að nýju. Í sumum tilvikum reyndust það miklir misbrestir í dýrahaldinu að eftirlitsyfirvöld í

móttökulandinu sáu sig knúin til að grípa inn. Búferlaflutningar milli landanna eins og hér er lýst eru að öllum líkindum afar sjaldgæfir og því myndi alþjóðleg skrá á þessu sviði varla koma í veg fyrir mörg tilvik dýraníðslu. Ég fæ ekki séð að skrá af þessu tagi, með öllum viðfangsefnum sem henni myndu fylgja á sviði réttaröryggis, persónuverndar og umsýslu-kostnaðar, myndi henta til að greiða fyrir dýravelferð.

Ég tel rétt að geta þess að gott samstarf er milli yfirvalda á Norðurlöndum á sviði dýravelferðar. Norrænn vinnuhópur um örveirufræði, dýraheilbrigði og dýravelferð er öflugt samstarfsnet þar sem skipst er á upplýsingum um reglugerðir um dýravelferð og hvernig þeim er framfylgt. Vinnuhópurinn hefur staðið að ráðstefnu um eftirlit með dýravelferð.

Í tilteknum málum geta eftirlitsyfirvöld leitað upplýsinga hjá eftirlitsyfirvöldum á hinum Norðurlöndunum um hvort gripið hafi verið til viðurlaga gagnvart tilteknum einstaklingum eða fyrirtækjum.

Kveðja,

Jon Georg Dale